

Sþ.

75. Tillaga til þingsályktunar

[71. mál]

um auknar ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðra lífeyrissjóða.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Eyjólfur K. Jónsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, hvort grundvöllur sé fyrir því að breyta lífeyrisgreiðslukerfi óverðtryggðra lífeyrissjóða þannig, að eftirlaunagreiðslur þessara sjóða fullnægi eðlilegri framfærsluþörf sjóðfélaga.

Jafnframt verði kannað með hvaða hætti unnt verði að tryggja, að allir lífeyrisþegar sitji við sama borð gagnvart eftirlaunum með tilliti til ævitekna og framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Við framkvæmd þessarar þingsályktunar skal haft samráð við heildarsamtök vinnumarkaðarins og landssambönd lífeyrissjóða.

Greinargerð.

Eitt þýðingarmesta nútíma tryggingarform með tilliti til greiðslu eftirlauna eru lífeyrissjóðir. Á síðustu áratugum hefur ýmist verið til þeirra stofnað í frjálsum sauninum aðila vinnumarkaðarins eða með löggjöf í samráði við þá aðila, sem njóta eiga lífeyrisréttinda.

Lífeyrissjóðakerfi landsmanna nær nú til svo til alls vinnandi fólks. Meginþorri lífeyrissjóðanna eru sameignarsjóðir. Þeir eru ýmist verðtryggðir eða óverðtryggðir.

Reikningsgrundvöllur allra lífeyrissjóðanna byggist á verðbólguástandi þjóðfélagi, þar sem ráð er fyrir gert að rauntekjur á mann vaxi um 2—3% árlega á því 30 ára tímabili, sem lífeyrisréttindin eru að myndast.

Hérlendis, sem víða annars staðar, hefur ríkt verðbólguástand á annan áratug, sem fer langt fram úr reikningslegum áætlunum lífeyrissjóða. Hefur þessi þróun haft mjög alvarlegar afleiðingar, sérstaklega fyrir lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðu sjóðanna. Lífeyrisgreiðslur þessara sjóða eru krónutölubundnar, eins og þær eru úrskurðaðar til viðkomandi sjóðfélaga, þegar eftirlaunagreiðslur hefjast að lokinni starfsævi. Má sem dæmi nefna, að lífeyrisgreiðsla til lífeyrisþega í óverðtryggðum sjóði, sem byrjaði að taka eftirlaun sín í ársbyrjun 1969, er í dag aðeins $\frac{1}{4}$ hluti þeirrar upphæðar, sem lífeyrissjóðstfélagi í verðtryggðum sjóði í sambærilegri stöðu og launaflokkum nú tekur.

Augljóst er, að lífeyrisgreiðslur óverðtryggðu sjóðanna eru allsendis ófullnægjandi við ríkjandi aðstæður og fyrirsjáanlega verðlagsþróun í nánustu framtíð, auk þess sem núverandi lífeyrissjóðakerfi felur í sér mikið misrétti.

Á þessu verður að verða gjörbreyting til hins betra. Brýn nauðsyn er að þessi mál verði tekin til meðferðar og eigi látið dragast að finna leiðir, er tryggi hlut lífeyrisþega óverðtryggðu sjóðanna.

Til þess að styrkja greiðslugetu óverðtryggðu lífeyrissjóðanna kæmi til greina að verðtryggja útlán að hluta, en í þeim efnum verður að fara með aðgát, svo að greiðslugetu lántakenda verði ekki ofboðið.

Til greina kæmi að heimila lífeyrissjóðunum að greiða viðbótarframlag á lífeyri umfram ákvæði gildandi reglugerða.

Flutningsmönnum er ljóst, að eigi er hægt að greiða meira úr lífeyrissjóðum en tekjur þeirra nema. Hins vegar er vitað, að í nánustu framtíð mun árlegt ráðstöfunarfé sjóðanna verða mun meira en tryggingarskuldbindingar og útgjöld nema, eins og uppbyggingu sjóðanna er háttað.

Verulegur hluti þessa fjár brennur upp í verðbólguálinu. Er því nauðsynlegt að fram fari ítarleg könnun á því, hvað unnt er að gera lífeyrisþegum til styrktar vegna nýrra og breyttra kringumstæðna.